

Myndbönd í röðinni Menning í Garðabæ febrúar 2022 og viðburðahald að hefjast á ný

Menningar- og safnanefnd kostar þrjár upptökur sem eru nokkurskonar sárabót fyrir neytendur menningar í Garðabæ vegna frestunar/niðurfellingar á viðburðum í janúar og að hluta til í febrúar.

Upptökur fóru fram föstudaginn 28. janúar, laugardaginn 29. janúar og mánudag 31. janúar. Að venju var það Hafdal framleiðsla sem sá um upptökur og úrvinnslu.

Miðvikudaginn 2. febrúar kl. 12:15 var fyrsta upptaka send út á facebooksíðu Garðabæjar en einmitt þá voru fyrirhugaðir tónleikar í sal Tónlistarskóla Garðabæjar með Gissuri Páli Gissurarsyni tenór og Guðrúnu Dalíu Salómons dóttur píanóleikara. 559 manns hafa nú þegar notið myndabandsins (tölur 7. Febrúar) með Gissuri sem brá á leik og mörg jákvæð skilaboð hafa borist.

Sunnudaginn 6. febrúar kl. 14:02 var upptaka með örnámskeiði í fríhendis útsaumi sýnt á facebooksíðu Garðabæjar sem og Hönnunarsafns Íslands. Það var Sunna Örlýgsdóttir fatahönnuður sem sýndi einfaldar aðferðir við að skreyta t.d. föt með útsaumssporum en Sunna hefur haldið námskeið í Hönnunarsafninu en janúar/febrúarnámskeið sem fyrirhugað var féll niður vegna faraldursins. Alls 591 hafa horft á myndbandið að morgni 7. febrúar.

Að lokum verða þrír þættir ætlaðir börnum og fjölskyldum þeirra sem og skólum sýndir en það eru þættir með þjóðfræðingnum Dagrúnu Ósk Jónsdóttur. Þættirnir tengjast verkefninu Við langeldinn/Við eldhúsbörðið sem styrkt er af Barnamenningarsjóði. Þættirnir fjalla um sögur af huldufólki; sögur af landvættunum og leiki barna á landnámsöld til dagsins í dag. Teiknarinn Ari Yates var fenginn til að gera myndskreytingar til að vekja athygli barna og léttu efnið en þættirnir voru teknir upp í Minjagarðinum, við Krók og í fjörunni við Sjáland. Áætlað er að þættirnir verði sýndir um miðjan febrúar.

Viðburðum var í samráði við fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar frestað eða þeir felldir niður í janúar og fram í febrúar en sérstaklega var menningarfulltrúa uppálagt að kalla ekki saman hópa af börnum á viðburði. Sýningin Sund á Hönnunarsafni Íslands er nýopnuð og ókeypis aðgangur út febrúar og sérstaklega auglýst sem viðburður á Vetrarhátíð. Aðrir viðburðir á Vetrarhátíð voru felldir niður þar sem þátttöku var krafist af gestum í þeim atriðum sem skipulögð höfðu verið. Leiðsagnir um sýninguna Sund hefjast í mars sem og fyrirlestrar og viðburðir fyrir fjölskyldur í Hönnunarsafni Íslands. Viðburðir á Bókasafni Garðabæjar ætlaðir fullorðnum hefjast í lok febrúar sem og smiðja fyrir börn sem verður síðasta laugardag í febrúar. Þá verða tónleikar í röðinni Tónlistarnæring með sópransöngkonunni Þóru Einarsdóttur og hörpuleikaranum Gunnhildi Einarsdóttur haldnir að öllu óbreyttu þann 2. mars.

Skólahópar munu hefja heimsóknir í Hönnunarsafn Íslands á sérstaka leiðsögn og smiðju í tengslum við sýninguna Sund en fyrirhugað er að sýna afrakstur nemenda á Barnamenningarhátíð í Garðabæ í byrjun apríl.